



FÉLAG PRÓFESSORA  
VIÐ RÍKISHÁSKÓLA

## Skýrsla stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla starfsárið 2023–2024

Félag prófessora við ríkisháskóla er félag prófessora við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum. Í þessari skýrslu er starfsemi félagsins á starfsárinu 2023–2024 lýst.

### Stjórn FPR starfsárið 2023–2024 skipuðu:

Sigrún Ólafsdóttir HÍ, formaður  
Ólafur Páll Jónsson HÍ, varaformaður  
Grétar Þór Eypórsson HA, gjaldkeri  
Hólmfríður Garðarsdóttir HÍ, meðstjórnandi  
Guðný Björk Eydal HÍ, meðstjórnandi  
Ragna Benedikta Garðarsdóttir HÍ, meðstjórnandi  
Zophonías Oddur Jónsson HÍ, meðstjórnandi  
Þóroddur Bjarnason HÍ, meðstjórnandi

### Félagar í FPR

Virkir félagsmenn í FPR í apríl 2024 voru samtals 380 talsins.  
Karlar voru 231 og konur 149 talsins.

#### Skipt eftir skólum.

LBHÍ: 7 prófessorar (4 karlar og 3 konur)  
Hólum: 5 prófessorar (4 karlar og 1 kona)  
HA: 29 prófessorar (19 karlar og 10 konur)  
HÍ: 339 prófessorar (204 karlar og 135 konur)

Aldursdreifing félagsfólks:

| Aldur          | Fjöldi     | Karlar     | Konur      |
|----------------|------------|------------|------------|
| <40 ára:       | 3          | 1          | 2          |
| 40–49 ára:     | 61         | 37         | 24         |
| 50–59 ára:     | 144        | 91         | 53         |
| 60–69 ára      | 172        | 102        | 70         |
| <b>Samtals</b> | <b>380</b> | <b>231</b> | <b>149</b> |

Meðalaldur félagsfólks var 58 ár. Hlutfall kvenna var 39% og karla 61%

## **Mörg mál komu til umræðu og afgreiðslu í stjórn félagsins á starfsárinu.**

### **Samstarf FPR við FH og FHA**

Háskólafélögin þrjú hafa unnið náið saman undanfarið ár. FH og FPR hafa unnið saman að málefnum sem tengjast HÍ sérstaklega, til dæmis varðandi Sáttmálasjóð, deililíkan og samræmingu á útreikningum kennslustunda. Félögin þrjú hafa ákveðið að ganga saman til kjaraviðræðna og hafa unnið að sameiginlegri kröfugerð. Að auki lögðu félögin fyrir könnun til félagsfólks í sameiningu og kynntu niðurstöðurnar á málþingi þann 1. mars.

### **Kjaraviðræður**


Samningar FPR við ríkið voru lausir í lok mars, en unnið hefur verið að kröfugerð og kjaraviðræðum allt árið 2024. Lítið hefur þó gerst þar sem BHM hefur ekki verið með fyrstu samningsaðilum. Í upphafi árs var boðað til samtals við formenn heildarsamtakanna og lagði formaður BHM til að gengið yrði til slíkra viðræðna þar sem hún hefði viðræðuumboð. Því var hafnað af u.þ.b. helmingi félaga BHM. FPR ásamt hinum háskólafélögum var tilbúið til að veita formanni BHM slíkt umboð og í krafti þess sat hún óformlega fundi með fagfélögum og BSRB. Þær viðræður skiluðu því að fallið var frá því að einungis yrðu krónutöluhækkanir sem og að þak yrði á því hvar launahækkanir skiluðu sér. Háskólafélögin eru nú í samfloti með 10 öðrum félögum innan BHM um sameiginleg stefnumál allra félaganna og hafa verið tveir fundir með samninganefnd ríkisins, annars vegar til að fara yfir vinnureglur og hins vegar fundur þar sem samninganefnd ríkisins kom með sína sýn á kjaraviðræðurnar og félög BHM með sína. Háskólafélögin munu leggja áherslu á að vera í samfloti á meðan það gagnast þeim, en munu draga sig út úr samfloti ef forsendur breytast.

### **Kröfugerð FPR 2024**

Undirbúningur kjaraviðræðna hófst á yfirferð kröfugerðar FPR frá árinu 2023 og gerð könnunar meðal félagsfólks FPR á haustmánuðum. Spurt var um viðhorf félagsfólks til áherslna í kjaraviðræðum. Í könnuninni kom skýrt fram að flest félagsfólk leggur áherslu á hækkun dagvinnulauna. Svarhlutfallið í könnuninni var 64%.

Til að auka slagkraft í samningum háskólafélaga var ákveðið að ganga til kjaraviðræðna í samfloti við FH og FHA. Skipuð hefur verið sameiginleg samninganefnd félaganna en í henni sitja þrjú úr stjórn hvers félags. Unnið er að sameiginlegri kröfugerð þar sem settar eru fram almennar kröfur og sértækar kröfur fyrir akademískt starfsfólk annars vegar og starfsfólk í stjórnsýslu hins vegar.

Megináhersla FPR er á leiðréttingu dagvinnulauna félagsfólks en þar hafa próffessorar setið eftir undanfarin ár. Samkvæmt greinargerð sem hagfræðingur BHM vann fyrir samninganefndir FPR/FH/FHA hefur kaupmáttur heildarlauna hjá háskólafélögum staðið í stað í 8-9 ár eða frá árunum 2015/2016 þegar launatöflum var breytt yfir í núverandi kerfi með launaprep (hægriás) byggð á B-D stigum úr matskerfi. Svipaða sögu er að segja um kaupmátt dagvinnulauna. Samanburður við önnur gögn ríkisins sem BHM hefur undir höndum sýnir að kaupmáttarstöðnunin hefur staðið yfir í mun lengri tíma hjá háskólafélögum en hjá öðrum félögum innan BHM, eða 2-3 árum lengur.



Meginkröfur FPR eru að menntun verði metin til launa, dagvinnulaun verði hækkuð og kaupmáttarstöðnun leiðrétt ef félagið á að íhuga langtímasamning. Að auki eru kröfur um hækkun launa á grundvelli skerðingar á lífeyri vegna lífeyrissamkomulagsins frá 2016. Hafa ber þá í huga að vinnuvikan hefur verið styttr hjá flestum félögum ríkisins en ekki hjá akademisku starfsfólki. Meta verður það til launahækkunar og/eða styttri vinnuviku hjá prófessorum. Kröfur eru að auki gerðar um að öll yfirvinna verði greidd samkvæmt kjarasamningum, um réttindi til greiðslna vegna vinnuferða, um stuðning við kaup á snjallsímum og að gripið verði til sértækra aðgerða vegna námslána.

### Kennsluyfirvinna

Í núverandi stofnanasamningum er taxti fyrir kennsluyfirvinnu lægri en í miðlægum kjarasamningum. Einnig er misjafnt eftir skólum, sviðum og deildum hvort yfirvinna fáist yfirhöfuð greidd. FPR og FH leituðu í sameiningu eftir álit frá lögfræðingi BHM um hvort fyrirkomulagið standist lög um kjarasamninga. Lögfræðiálitnið benti til þess að þrátt fyrir að ekki sé heimilt að semja um rýrari kjör í stofnanasamningi en í miðlægum samningi, sé þetta fyrirkomulag ekki endilega ólöglegt. Félögin gera þó kröfu um að yfirvinnutaxti verði leiðréttur og að heimilt verði að greiða fyrir unna yfirvinnu til samræmis við það sem almennt gerist í kjarasamningum opinberra starfsmanna.

### Samstaða meðal stéttarfélaganna háskólamenntaðra

Í febrúar sl. var birt sameiginleg yfirlýsing 22 stéttarfélaganna þar sem þess var krafist að menntun yrði metin til launa á Íslandi. Bent var á að háskólamenntun skilar minni ávinningi til fólks hér á landi en í þeim löndum sem við berum okkur saman við og áhyggjum lýst um hvernig hægt er að fá menntað fólk til starfa.

### Matskerfið

Á aðalfundi FPR voru lagðar fram tvær ályktanir um stofnun starfshópa um endurskoðun matskerfisins. Í fyrri ályktuninni, sem lögð var fram af 41 aðila, var lagt til að stjórn FPR skipi strax starfshóp er greini vandlega hvort ómálefnaleg mismunun felist í launasetningu félagsfólks. Í seinni ályktuninni frá Guðnýju Björk Eydal og Þóroddi Bjarnasyni var lagt til að stjórn FPR leiti eftir samstarfi við FH og FHA um skipun starfshóps sem greini hvort ómálefnaleg mismunun felist í launasetningu félagsfólks. Aðalfundurinn samþykkti að vísa báðum ályktununum til stjórnar.

Síðan þá hefur stjórn unnið markvisst, í samstarfi við FH og FHA, að því að skoða kerfið annars vegar með því að fá gögn frá HÍ og hins vegar með könnun sem gerð var á meðal félagsfólks. Ljóst er að greina þarf áhrif kerfisins gaumgæfilega og mun sú vinna halda áfram og í framhaldi af henni verða unnar tillögur um hvernig bæta megi kerfið. Áhersla er lögð á að gera slíkt í góðu samstarfi við félagsfólk.

Í þeim tilgangi verður málþing um stigamatskerfið þann 8. maí nk. þar sem markmiðið er að byrja á samtali um kerfið. Málþingið verður í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands. Félögin þrjú, FPR, FH og FHA, standa saman að því. Fjallað verður um stöðu og sögu matskerfis opinberra háskóla, tilgang þess og markmið. Þá verða kynnt viðhorf akademísku starfsfólks til vinnumatskerfisins og horft til framtíðar í þeim efnum. Þar sem megintilgangurinn er að hvetja til samtals verður boðið upp á vinnustofur til að fá fram sjónarmið félagsfólks.

### **Stofnanasamningar 2023**

Skrifað var undir stofnanasamninga við Háskólann á Akureyri, Háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands sem eru sambærilegir þeim sem búið var að skrifa undir við Háskóla Íslands.

### **Rannsóknarfé prófessora við HA**

Gerð var samþykkt við Háskólann á Akureyri um að prófessorar við HA fengju rannsóknarfé til samræmis við lektora og dósentar við HA og allt akademískt starfsfólk HÍ.

### **Sáttmálasjóður – ályktun**

Háskólaráð ákvað einhliða að veita ekki fé í Sáttmálasjóð í desember 2023. Ljóst er að það skerðir kjör félagsfólks og gæði háskólastarfsins. Bæði FPR og FH sendu frá sér ályktanir vegna málsins. Í ályktun FPR var lögð áhersla á að þessi ákvörðun skerðir möguleika félagsfólks til að sækja alþjóðlegar ráðstefnur og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi, ásamt því að vinna gegn stefnu HÍ um að vera alþjóðlegur og góður vinnustaður. Þá var einnig bent á að það muni hafa neikvæð áhrif á sókn í alþjóðlega styrki ef dregið verði úr alþjóðasamskiptum. Lítil viðbrögð hafa komið við ályktuninni en unnið er að því að skoða næstu skref í samstarfi við FH.

### **Reiknilíkan/deililíkan**

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra setti fram nýtt reiknilíkan sem leiddi til þess að HÍ breytti sínu deililíkani í samræmi við það. Ljóst er að sú ákvörðun hafði veruleg neikvæð áhrif á margar deildir og námsbrautir í HÍ, sérstaklega þar sem þetta var gert án tíma til aðlögunar og samráðs. Margar einingar þurftu að bregðast við gjörbreyttri fjárhagsstöðu án fyrirvara. Greining FPR sýnir að nýtt deililíkan letur enn frekar þverfaglegt samstarf í kennslu og að tekjur eininga geta komið seinna inn í kerfið, þar sem greitt er mun meira fyrir útskriftir en þá kennslu sem fer fram á hverju ári. Óskað var eftir fundi með yfirstjórn skólans og var fulltrúum FPR og FH boðið á fund með rektor, fjármálastjóra og sviðsforsetum. Þar var farið yfir áhyggjur félaganna og meðal annars lögð áhersla á aukið samtal og samráð vegna meiriháttar ákvarðana sem hafa áhrif á kjör og starfsumhverfi félagsfólks.

### **Samræming á útreikningi vegna kennslu**

Árið 2021 skipaði háskólaráð starfshóp um samræmingu útreiknings á tímafjölda að baki námskeiðum í HÍ. Starfshópurinn skilaði skýrslu í maí 2022, þar sem fram kom að útreikningar eru mjög ólíkir innan og milli sviða og deilda, sem skilar sér í ójöfnum

kjörum eftir sérsviði félagsfólks. Skýrslan var kynnt í háskólaráði og fyrir sviðsforsetum og þeim vísað til fjármálanefndar en tillögur nefndarinnar voru ekki settar í framkvæmd. Á þessu ári báðu FH og FPR um fund til að fá upplýsingar um stöðu málsins. Í kjölfarið sendu félögin sameiginlega ályktun til háskólaráðs þar sem farið var fram á að málið yrði tekið upp að nýju, enda bæði kjara- og sanngirnismál fyrir félagsfólk. Í ályktuninni lýstu félögin yfir almennri ánægju með eina tillögu sem fram kom í skýrslu starfshópsins. Háskólaráð brást við með því að endurskipa starfshópin sem í kjölfarið hélt fund með fulltrúum FPR og FH. Stjórnir beggja félaga lýsa yfir eindregnum stuðningi við tillögu að samræmingu útreikninga sem er forsenda þess að félagsfólk fái greidd sömu laun fyrir sömu vinnu.

### **Fæðisfé**

Sú hugmynd hefur verið sett fram að tilhögun á greiðslu fæðisfjár verði breytt innan HÍ og að hætt verði að veita val á milli greiðslu fæðisfjár og matarmiða. Í staðinn verði matur í Hámu, og á öðrum stöðum á háskólasvæðinu niðurgreiddur verulega. Formenn og framkvæmdastjórar FH og FPR áttu fund með fjármálastjóra og mannauðsstjóra HÍ þar sem þessar breytingar voru ræddar. Ljóst er að HÍ getur tekið þessa ákvörðun einliða þannig að stéttarfélögin lögðu áherslu á mikilvægi þess að allar breytingar á kerfinu yrðu að vera félagsfólki í hag. Á fundinum var einnig rætt um mikilvægi þess að auka gæði matar í Hámu, gera fjölbreytilegan mat aðgengilegan félagsfólki í öllum byggingum og að hafa sem flesta matsölustaði á háskólasvæðinu með í niðurgreiðslukerfinu, ef það verður tekið upp. Einnig var lögð áhersla á að það yrði skýrt hversu há niðurgreiðslan yrði og að ekki væri hægt að minnka hana eftir einhvern ákveðinn tíma.

### **Málþing FPR, FH og FHA um kjör og líðan starfsfólks**

Í aðdraganda kjaraviðræðna stóðu FPR, FH og FHA fyrir málþingi um kjör og líðan starfsfólks opinberu háskólanna þann 1. mars 2024. Einnig var hægt að taka þátt í streymi. Kolbrún Halldórsdóttir formaður BHM var fundarstjóri. Boðið var upp á fimm erindi. Vilhjálmur Hilmarsson hagfræðingur BHM flutti erindi um laun í háskólum á Íslandi, Sigrún Ólafsdóttir formaður FPR fjallaði um kaup og kjör félagsfólks, Hjördís Sigursteinsdóttir, formaður Félags háskólakennara á Akureyri, fjallaði um starfsánægju og líðan starfsfólks opinberra háskóla, Ragna Benedikta Garðarsdóttir flutti erindi um kulnun meðal starfsfólks háskóla og að lokum ræddu þær Svava Dögg Jónsdóttir formaður FEDON og Valgerður Þorgerðar Pálmadóttir, stjórnarkona í FEDON, um starfsaðstöðu doktorsnema og nýdoktora. Í pallborði sátu rektorar HÍ og HA og mannauðsstjóri HÍ. Í lok málþingsins var boðið upp á léttar veitingar. Málþingið var vel sótt og voru um 80 manns í sal og um 120 í streymi.

Fram kom að háskólastarfsfólk og sérstaklega prófessorar hafa setið eftir í kjarasamningum undanfarinna ára og hefur kaupmáttur þeirra hækkað minnst hjá öllu félagsfólki BHM og minna en hjá öðrum félögum. Starfsfólk er óánægt með kaup og kjör. Þar má nefna að mikill meirihluti starfsfólks er verulega óánægt með heildarlaun sín og dagvinnulaun. Einnig kom fram að prófessorar vinna langa vinnuviku eða 51 klukkustund að meðaltali og vinna almennt um helgar, í fríum og á kvöldin. Þá kom fram að stór hluti prófessora hefur ekki getað nýtt sér kennsluafsláttinn að neinu leyti (43%) eða bara að einhverju leyti (29%). Eins kom fram að um þriðjungur akademísks starfsfólks er í mikilli (16,6%) eða mjög mikilli (17,7%) hættu á að þróa með sér kulnunnarröskun. Hættan er mest hjá doktorsnemum, nýdoktorum og lektorum, en minnst meðal vísindamanna án kennsluskyldu. Vinnuálag mældist mjög hátt hjá öllum

hópum nema vísindamönnum og starfsfólki í stjórnslu. Í kjölfar málþingsins var umræða í fjölmiðlum um kjör háskólakennara, m.a. í Samfélaginu á Rás 1 og í Heimildinni.

## **Almenn félagsstörf**

### **Skrifstofa félagsins**

Skrifstofa FPR er í Borgartúni 27, 2 hæð. Skrifstofan var lengi vel í Bændahöllinni við Hagatorg (Hótel Sögu) en varð að flytja vegna framkvæmda. Eftir að hafa skoðað skrifstofuaðstöðu á háskólasvæðinu og víðar flutti skrifstofan í byrjun ágúst 2023, tímabundið, í húsnæði BHM í Borgartúni 6. Þann 8. nóvember flutti skrifstofan síðan í Borgartún 27 ásamt níu öðrum aðildarfélögum BHM og er FH eitt af þeim. Aðalskrifstofa BHM flutti skömmu síðar, einnig í Borgartún 27, á jarðhæð. Fleiri félög munu fylgja í kjölfarið á næstunni.

Sími skrifstofunnar er opinn alla virka daga frá kl. 10–12. Ef fólk vill koma á skrifstofuna í viðtal eða vegna annarra erinda er best að bóka fyrir fram með því að hringja eða senda tölvupóst. Framkvæmdastjóri félagsins er Lilja Þorgeirsdóttir. Starfshlutfall framkvæmdastjóra var hækkað úr 50% í 60% vegna álags tengdu kjarasamningum og aukningu á umsóknum í Starfsþróunarsjóð prófessora. Í ljós kom að það var ekki nægilegt og var starfshlutfallið hækkað í 100% afturvirkir frá 1. janúar 2024 og fer í 80% frá 1. júlí. Staðan verður endurskoðuð í haust.

### **Stjórnarstörf og fundir**

Á starfsárinu voru haldnir 16 fundir. Fundargerðir stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Auk þess voru vinnufundir vegna kjarasamninga og kröfugerð félagsins. Þá hefur formaður og í einhverjum tilfellum aðrir fulltrúar í stjórn átt fundi með rektorum opinberu háskólanna og yfirstjórn HÍ. Einnig voru vikulegir samráðsfundir með kjaranefnd BHM auk samráðsfunda með 13 aðildarfélögum bandalagsins. Auk þess voru reglulegir fundir með FH og FHA.

### **Félagsfundir**

Formaður boðaði til fundar með öllu félagsfólki í nóvember og desember. Annars vegar voru fundir við Háskólann á Akureyri og Háskólann á Hólum og hins vegar á öllum fimm sviðum Háskóla Íslands. Annað stjórnarfolk sat fundina eins og hægt var. Að auki var rafrænn fundur fyrir þau sem ekki komust á staðfundina. Á fundunum voru helstu niðurstöður kannana kynntar og ræddar sem og opnar umræður um þau málefni sem helst brenna á félagsfólki innan mismunandi stofnana og á mismunandi sviðum HÍ.

### **Jólaboð emeríta**

Hið árlega jólaboð emeríta með stjórn FPR var haldið þann 4. desember í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar. Gestur kvöldsins var Valdimar Tr. Hafstein prófessor sem kynnti nýju bókina sína Sund sem hann skrifaði ásamt Kristínu Snorradóttur þjóðfræðingi. Bókin fjallar um sundmenningu þjóðarinnar og var kynningin fróðleg og skemmtileg. Samtals mættu um 45 manns. Þeir sem fá boð eru þeir sem vilja vera áfram á póstlista félagsins eftir að hafa látið af störfum en beiðni þar um þarf að berast skrifstofunni.

## **Móttaka á Bessastöðum**

Formaður fékk boð frá forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessyni um að mæta til móttöku á Bessastöðum í tilefni af fullveldisdeginum þann 1. desember, en boðið var fyrir formenn verkalyðs- og stéttarféлага. Sigrún Ólafsdóttir mætti fyrir hönd FPR.

## **Norrænir fundir og starfshópur um akademískt frelsi**

Hinn árlegi fundur norrænu háskólafélagana var haldinn dagana 12.–14. júní 2023 á Hótel Örk í Hveragerði og gekk vel. FPR og FH sáu um skipulagningu fundarins. Þátttakendur voru 32 talsins. Frá Íslandi tóku fulltrúar frá FPR, FH og FHA þátt eða samtals 15 manns. Frá FPR voru auk formanns og framkvæmdastjóra, Guðný Björk Eydal, Hólmfríður Garðarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson. Dagskrá fundarins var fjölbreytt og umræður gefandi. Meðal annars var rætt um vinnumatskerfið, launasetningu háskólafélags, gerð kjarasamninga, mismunandi kennsluáferðir, starfsumhverfi, reynsluna af opnum skrifstofurýmum og fleira. Þá kynntu félögin starfsemi sína. Áður en farið var til Hveragerðis var móttaka á Bessastöðum þar sem forseti, Guðni Th. Jóhannesson, tók á mótí hópnum.

Á fundinum kom fram áhugi á auknu samstarfi um akademískt frelsi á Norðurlöndum og að gera könnun þar að lútandi. Stofnaður var starfshópur um málið og skipaði stjórn FPR Henry Alexander Henrysson og Hólmfríði Garðarsdóttur sem fulltrúa félagsins í hópinn.

Næsti fundur verður í Bergen, Noregi, 10.–12. júní 2024. Tillögur að efni fundarins liggja fyrir. Meðal annars verður rætt um kjaramál, launaþróun, vinnutíma, og vinnuaðstæður. Einnig verða stefnur innan akademíunnar á Norðurlöndum og í Evrópu á dagskrá og þróun alþjóðavæðingar og árangursviðmiða innan ríkisháskólanna rædd. Þá verður kynnt starf nefndar norræna samstarfsins um akademískt frelsi. Gert er ráð fyrir að það fari fjórir fulltrúar FPR á fundinn.

## **Fræðsla BHM**

BHM bauð upp á námskeið fyrir félagi í aðildarfélögum BHM um fjármál við starfslok þann 23. ágúst 2023. Mikil ánægja var með námskeiðið sem verður endurtekið í haust.

Fræðsla um ábyrgð og skyldur stjórnarmanna var þann 4. september 2023 og sóttu þrjú fulltrúar FPR námskeiðið.

Tvö námskeið voru fyrir trúnaðarmenn aðildarféлага BHM. Framhaldsnámskeið var þann 12. október 2023 og grunnnámskeið þann 16. apríl 2024. Trúnaðarmönnum FPR var boðið að taka þátt. Kynntar voru niðurstöður könnunar sem framkvæmd var meðal trúnaðarmanna aðildarféлага í maí 2023.

## **Starfsþróunarsjóður prófessora**

Í stjórn Starfsþróunarsjóðs prófessora (SP) 2022–2024 voru eftirtaldir fimm fulltrúar: Frá FPR þau Gísli Már Gíslason formaður stjórnar og Aðalheiður Jóhannsdóttir. Fulltrúar ríkisháskólanna voru þau Hafliði Pétur Gíslason frá HÍ og Kristinn Pétur Magnússon frá HA. Þá tók Halldóra Friðjónsdóttir, fulltrúi Fjármála- og efnahagsráðuneytisins, við af Jökli H. Úlfssyni þann 1. október 2023.

Í byrjun árs 2024 var endurskipað í stjórn sjóðsins fyrir tímabilið 2024–2026: Frá FPR eru þau Eyvindur G. Gunnarsson og Oddný Sverrisdóttir, nýr formaður stjórnar. Fulltrúar ríkisháskólanna eru þeir Guðmundur R. Jónsson frá HÍ og Kristinn P. Magnússon frá HA. Fulltrúi Fjármála- og efnahagsráðuneytisins er áfram Halldóra Friðjónsdóttir. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Lilja Þorgeirsdóttir.

Gísli Már Gíslason, Aðalheiður Jóhannsdóttir og Hafliði Pétur Gíslason hættu í stjórn SP eftir að hafa verið frá stofnun hans eða í samtals 12 ár. Er þeim þakkað fyrir sín góðu störf í þágu sjóðsins. Til að halda sögunni til haga var samþykkt að stofna sjóðinn með sérstakri bókun í kjarasamningi FPR og SNR þann 7. október 2011. Fyrsti fundur stjórnar sjóðsins var þann 24. febrúar 2012 og var fyrst úthlutað úr honum í nóvember sama ár þegar þrír aðilar fengu styrk.

Úthlutunum styrkja úr sjóðnum hefur fjölgað í gegnum árin fyrir utan niðursveiflu á árunum 2020–2021 vegna Covid. Á árinu 2023 var 242 styrkjum úthlutað og hafa þeir aldrei verið fleiri. Árið áður var fjöldinn 186 sem er sambærilegt við árið 2019 (194). Heildarupphæðin sem úthlutað var í fyrra var um 45,5 m.kr. en árið 2022 var hún talsvert lægri eða um 27,4 m.kr. Eins og áður segir voru styrkirnir mun færri 2020 (60) og 2021 (53) vegna Covid. Í lok apríl 2024 var búið að afgreiða 50 umsóknir en 20 umsóknir biðu afgreiðslu þegar þetta er ritað, sem er svipaður fjöldi og á sama tíma í fyrra.

Stjórn FPR lagði til að ný stjórn SP myndi endurskoða reglur sjóðsins í ljósi breyttra aðstæða vegna Sáttmálasjóðs en ekki var veitt fé í þann sjóð á árinu 2024 og ríkir mikil óvissa um framtíð hans.

Umræða hefur verið innan stjórna FPR og SP um nauðsyn þess að endurskoða umsóknareyðublaðið til hagræðis fyrir þá sem sækja um styrk og til að einfalda yfirferð umsókna. Verið er að skoða ýmsa möguleika en sú vinna helst í hendur við endurskoðun á reglum sjóðsins sem má gera ráð fyrir að taki einhvern tíma. Í millitíðinni er fólk beðið um að vanda betur til verka þegar sótt er um styrk í sjóðinn. Talsverð vinna fer í yfirferð styrkumsókna og því mikilvægt að félagsfólk skoði reglur sjóðsins vel áður en sótt er um styrk. Formaður sendi félögum bréf í janúar sl. með nánari leiðbeiningum þar sem algengt er að umsóknir séu ekki fullnægjandi og kalla þarf eftir frekari gögnum.

FPR hefur borið kostnað af rekstri skrifstofunnar. Hvað varðar launakostnað framkvæmdastjóra hefur SP greitt 10% á móti FPR, án launatengdra gjalda. Eftir ábendingu frá endurskoðanda og umræðu innan stjórna FPR og SP var samþykkt að kostnaðarþátttöku SP yrði breytt á árinu 2023. Niðurstaðan var að SP greiðir 15% hlutfall af launakostnaði framkvæmdastjóra, ásamt launatengdum gjöldum, og 25% af öðrum sameiginlegum kostnaði af rekstri skrifstofunnar.

Beiðni barst frá mannauðssviði HÍ um kynningu á SP þann 22. apríl sl. á Teams sem hluti af fræðsluáætlun starfsfólks skólans. Fráfarandi formaður sjóðsins sá um kynninguna ásamt framkvæmdastjóra. Rætt hefur verið um að bjóða upp á kynningu fyrir starfsfólk annarra háskóla.



## Nefndir og ráð

### Starf kjörnefndar

Kjörnefnd tók fyrst til starfa fyrir aðalfund 2023 samkvæmt nýjum lögum FPR. Á þeim fundi var hún endurkjörin til þriggja ára. Stjórn félagsins fól nefndinni að koma með tillögu að verklagsreglum til stjórnar sem tækju gildi fyrir aðalfund 2024. Tillaga að verklagsreglum var síðan samþykkt af stjórn í febrúar sl.

Í kjörnefnd eru eftirtaldir fulltrúar:

Engilbert Sigurðsson, prófessor við Læknadeild HÍ.

Ingibjörg Svala Jónsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ.

Steinunn Hrafnisdóttir, prófessor við Félagsráðgjafardeild HÍ.

Starfsmaður kjörnefndar, Lilja Þorgeirsdóttir framkvæmdastjóri.

### Trúnaðarfólk félagsins

Trúnaðarfólk félagsins er skipað stjórn félagsins. Þá skipa LBHÍ og Háskólinn á Hólum sinn hvorn trúnaðarmanninn. Ása Aradóttir er trúnaðarmaður við Landbúnaðarháskólann og Bjarni K. Kristjánsson við Háskólann á Hólum.

### Stjórn matskerfis opinberra háskóla

Vísinda- og nýsköpunarsvið HÍ óskaði eftir tilnefningu nýs fulltrúa kjarafélaga í stjórn matskerfis opinberra háskóla í ágúst sl. Fulltrúi félagana, Þórólfur Matthíasson prófessor hafði gegnt þeirri stöðu síðustu tvö árin og tilkynnti að hann myndi ekki halda áfram út tímabilið sem er þrjú ár. Af þeim sökum var óskað eftir tilnefningu nýs fulltrúa í stjórn frá kjarafélagunum. Varamaður Þórólfs, Hólmfríður Garðarsdóttir prófessor, tók sæti hans út skipunartímamann. Samkvæmt samkomulagi er hámarksstarfstími fulltrúa hvers kjarafélags þrjú ár í senn og því var komið að FH að skipa nýjan fulltrúa til að taka við af Hólmfríði. FH lagði til Jens Guðmund Hjörleifsson varaformann FH sem aðalmann og Jónu Margréti Ólafsdóttur sem varamann og var það samþykkt af stjórn.

### Samninganefnd FPR

Í samninganefnd félagsins voru eftirfarandi: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Ólafur Páll Jónsson og Ragna Benedikta Garðarsdóttir. Þau eru hluti af stærri samninganefnd FH og FHA, en alls sitja níu fulltrúar í samninganefnd.

Reykjavík, 2. maí 2024

Fyrir hönd stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla

Sigrún Ólafsdóttir  
formaður